

Þjóðskrá Íslands
Borgartúni 21
105 Reykjavík
Sent á netfang skra@skra.is og kosningar@skra.is

Borgarfirði 6. ágúst 2025

"Með vísan til a-liðar 3. greinar reglugerðar um íbúakosningar sveitarfélaga nr. 922/2023 tilkynnir undirritaður hér með að sveitarstjórnir Borgarbyggðar og Skorradalshrepps hafa ákveðið að íbúakosningar um sameiningu sveitarfélaganna, skv. 119 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 38. 2011, skuli fara fram á tímabilinu 5.-20. september 2025. Jafnframt hafa sveitarstjórnirnar ákveðið að kosningaréttur skuli miðast við 16 ár sbr. 3. mgr. 133. greinar laganna.


Fyrir hönd sameiginlegrar kjörstjórnar sveitarfélaganna óskar undirritaður hér með eftir því að Þjóðskrá Íslands útibúi kjörskrár fyrir íbúakosningarnar sem skiptist í kjördeildir með eftirfarandi hætti:

Borgarbyggð skiptist í fjórar kjördeildir, þær hinar sömu og í Alþingiskosningum 2024:

- Borgarneskjördeild: íbúar á svæðinu milli Hítarár og Gljúfurár, á Hvanneyri og í Andakíl.
- Lindartungukjördeild: íbúar á svæðinu milli Hítarár og Haffjarðarár.
- Þinghamarskjördeild: íbúar í Stafholtstungum, Norðurárdal, Bifröst og Þverárhlið.
- Kleppjárnsreykjakjördeild: íbúar Bæjarsveitar, Lundarreykjadal, Flókadals, Reykholtisdals, Hvítársíðu og Hálsasveitar.

Skorradalshreppur verður ein kjördeild.

Jafnframt er þess óskað að opnað verði fyrir uppflettingu í kjörskrá á vef Þjóðskrár Íslands sbr. f-lið 3. greinar áðurnefndrar reglugerðar. Greiðandi kostnaðar vegna uppflettingarinnar fyrir hönd sveitarfélaganna tveggja er Borgarbyggð, kt. 510694-2289.



Virðingarfyllst,
Sveinbjörn Eyjólfsson
Formaður sameiginlegrar kjörstjórnar "